

AÐALFUNDUR 2023

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga

5.0

AFGREIÐSLA MARKMIÐA OG STARFSÁÆTLUNAR NÆSTA ÁRS

Helstu áherslur í starfi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga 2022-2023, lagðar fram á aðalfundi 12. maí 2023.

Kjaramál og starfsumhverfi

Meginverkefni Fíh er að framfylgja áætlun um kjaraviðræður og vinna að gerð langtíma kjarasamninga þar sem áherslan er á virði starfa hjúkrunarfræðinga. Virkt samráð verður áfram um kjaramál við stjórn Fíh og trúnaðarmannaráð. Jafnframt verður eftirfylgni með endurnýjun stofnanasamninga. Áfram verður unnið að því að fá mönnunarviðmið í heilbrigðiskerfinu skilgreind og tryggð. Árlega verður framkvæmd könnun um kjör, starfsumhverfi og viðhorf hjúkrunarfræðinga til starfsins.

Hjúkrun og samfélagið

Lögð verður áhersla á að hjúkrunarfræðingar fái stuðning til að mæta kröfum samfélagsins og vinnumarkaðsins. Aðgerðaáætlun um að fjölga karlkyns hjúkrunarfræðingum verður áfram framfylgt. Stuðningur og fræðsla til erlendra hjúkrunarfræðinga verður aukin. Unnið verður markvisst að því að kynna störf hjúkrunarfræðinga.

Þekking og nýsköpun í hjúkrun

Lögð verður áhersla á styðja við þróun, þekkingu og vísindarannsóknir í hjúkrun. Einnig verður athygli vakin á nýjungum í hjúkrun. Unnið verður að eflingu fag- og landssvæðadeilda.

Forysta til árangurs

Hjúkrunarfræðingar sýni frumkvæði og forystu við skipulagningu heilbrigðisþjónustu og veitingu hennar á öllum þjónustustigum. Komið verður á leiðtogaþjálfun fyrir hjúkrunarfræðinga á aðgengilegu formi. Sérfræðingum í hjúkrun verður fjölgað samkvæmt stefnumiðum í stefnu félagsins til 2030 um forystu til árangurs.

